

Skýrsla formanns fyrir starfsárin 2006-2008

Flutt á aðalfundi 22. apríl 2008

Kæri Landssambandsforseti, kærur Etakonur.

Fyrir hönd stjórnar Etadeildar flyt ég skýrslu um starfið síðastliðin tvö ár. Í stjórn hafa setið þessar konur: Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir formaður, Ingibjörg Símonardóttir varaformaður, Auður Torfadóttir ritari og Ásta Lárusdóttir gjaldkeri.

Strax í upphafi vil ég færa stjórnarkonum innilegar þakkir mínar fyrir frábært samstarf þessi tvö ár. Það hefur verið gaman að hitta ykkur reglulega, skoðanaskipti hafa verið hreinskiptin, allar hafið þið verið dýrmætir hugmyndabankar og gagnrýnir viðræðuaðilar eftir því sem við átti hverju sinni. Og á hverjum tíma boðnar og búnar að gera það sem til þurfti í þágu starfsins í Etadeild. Kærar þakkir stjórnarkonur!

Stjórnin hóf störf að áliðnu sumri 2006 og byrjaði á að kynna sér lög og reglur Delta Kappa Gamma eins og þau eru kynnt í Handbók fyrir formenn og stjórnir. Stjórnarkonur lýstu vilja til að standa sig vel í hlutverkinu, og jafnframt að hafa gaman af samstarfinu og samverunni. Það hefur verið leiðarljós okkar þessi tvö ár.

2006-2007

Brátt fæddist stefna fyrir fyrsta veturinn og var tillaga okkar að dagskrá vetrarins 2006-2007 kynnt deildarkonum í bréfi sem sent var hverri Etakonu. Þar var konum jafnframt deilt niður í nefndir sem hver og ein skyldi vinna að tilteknu málefni í þágu deildarinnar, auk þess að undirbúa einn fund hver yfir veturinn.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn við einstaklega góða mætingu og var aðal fyrirlesarinn Berglind Ásgeirsdóttir, þá nýkomin heim úr starfi sínu sem aðstoðarframkvæmdastjóri OECD. Hún fjallaði um nýbirta skýrslu OECD um Ísland, sérstaklega þann þátt er sneri að menntamálum og tengsl mennta- og efnahagsmála. Annar fundur vetrarins var „Borgarrölt með Birnu Þórðardóttur“ á laugardagsmorgni í októbermánuði. Þátttaka var

fremur slök, en því betri og mikilvægari var sú umræða sem fram fór á fundi okkar á veitingastaðnum Horninu í kjölfar gönguferðarinnar. Nefnd sem fjalla skyldi um tengsl deildarinnar við Landssambandið velti upp ýmsum mikilvægum grundvallarspurningum um starfið í Etadeild og hversu vel konur gætu samsamað sig stefnu samtakanna Delta Kappa Gamma.

Stjórn Etadeildar mat þessar spurningar svo áleitnar að þeim þyrfti að gera nánari skil. Deildarkonur þyrftu að ræða hvaða merkingu starfið í Delta Kappa Gamma hefði og hvernig þær sæu fyrir sér þátttöku í starfsemi Etadeildar á næstu árum. Því var dagskrá vetrarins endurskoðuð, áætlað vísna- og ljóðagerðarkvöld með Þórði Helgasyni sem sett hafði verið á dagskrá í febrúar var felld út og í staðinn settur inn fundur um stefnumótun Etadeildar.

Jólafundurinn var með hefðbundnu sniði, haldinn hjá Stefaníu V. Stefánsdóttur í kennslueldhúsi Kennaraháskóla Íslands. Gestur fundarins, Jörgen Pind, sagði okkur frá nýútkominni bók sinni um Guðmund Finnbogason. Umræddur stefnumótunarfundur var haldinn í febrúar. Á marsfundi fjallaði Ingibjörg Símonardóttir um málþroskaprófið Hljóm II, sem er tæki til að meta mál- og hljóðkerfisvitund 5-6 ára barna og getur nýst til að segja fyrir um hvaða nemendur geti átt erfitt með að tileinka sér lestur í upphafi grunnskólanáms. Síðasti fundur vetrarins var 10 ára afmælisfundur Etadeildar þann 6. júní, en deildin var einmitt stofnuð þann dag árið 1997. Guðrún Geirsdóttir fyrsti formaður deildarinnar flutti orð til umhugsunar og sagði okkur frá tildrögum að stofnun deildarinnar og starfinu í upphafi. Gestur fundarins var Ingibjörg Einarsdóttir forseti Landsambands Delta Kappa Gamma.

Nefndir þennan fyrsta vetur voru um eftirtalin málefni: *Nefnd um tengsl við landssambandið* skyldi útskýra uppbyggingu samtakanna fyrir deildarkonum og tilgreina starfsnefndir landssambandsins með sérstakri áherslu á virka þátttöku Etakvenna í starfi þeirra. Nefndin skilaði af sér á fundinum í október, m.a. með þeim árangri að stefnumótunarvinnu Etadeildar var hrundið af stað. *Nefnd um félagsgjöld* skilaði af sér á marsfundi með tillögu til að leggja fyrir Landssambandsþing um vorið þess efnis „að

tvöfalda framlag til námsstyrkjasjóðs svo að sjóðurinn geti betur þjónað tilgangi sínum.“

Tillögunni var komið á framfæri með formlegum hætti á aðalfundi Landssamtakanna í Reykholti í maí 2006. *Afmælisnefnd vegna afmælis Landssambandsins* undirbjó framlag Etadeildar á þinginu í Reykholti, sem var mjög myndarlegt, bæði líflegt söngatriði og síðan þátttaka í afmælisýningu þar sem saga Etadeildar var kynnt í máli og myndum.

Námsstyrkjanefnd átti að kynna fyrir okkur möguleika á styrkjum hjá

alþjóðasamtökunum og skilaði hún af sér með kynningu á marsfundum. *Nefnd um ræktun félaga og öflun nýrra* skilaði af sé með minnisblaði á afmælisfundinum í mars og einnig sá Guðbjörg Vilhjálmsdóttir formaður nefndarinnar um tengslaefingu sem reyndist skemmtileg uppákoma.

2007-2008

Síðara starfsár Etadeildar undir núverandi stjórn hófst á fundi 24. september. Stjórnin var að þessu sinni ekki búin að leggja línur fyrir allan veturinn, heldur skyldu áherslur ráðast af niðurstöðum fundarins, sem var helgaður áframhaldandi stefnumótun í málefnum deildarinnar. Konur deildust í hópa samkvæmt hinum fjórum skilgreindu markmiðum í starfi deildarinnar og ræddu hvernig vinna skyldi markmiðunum brautargengi. Umræður voru líflegar og línur lagðar fyrir áframhaldandi nefndarstarf. Í framhaldinu skýrðist skipulag vetrarins. Þannig var næsti fundur, í október, undirbúinn af nefnd um að hafa forystu í faglegrum umræðu. Fjallað var um fagmennsku kennarans, Auður Torfadóttir hafði framsögu og umræður voru afar líflegar með þátttöku allra viðstaddra. Jólafundur í desember var í höndum nefndar um að finna verkefni utan deildar til að vinna að. Að venju haldinn í kennslueldhúsi KHÍ í boði Stefaníu. Gestur fundarins var Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur sem fjallaði um minningabók sína um þroskaár í þremur heimshlutum. Febrúarfundurinn var í höndum nefndar um að styrkja innri tengsl Etakvenna og var haldinn á heimili Eyrúnar Ísfoldar Gísladóttur í Kópavogi. Segja má að þessi fundur brjóti blað í sögu Etadeildar, þetta var í fyrsta sinn sem við funduðum í heimahúsi. Umgjörð fundarins var afar persónuleg og hlýleg og konur sýndust ná vel saman – sannarlega var þar unnið í að styrkja innri tengsl Etakvenna. Fundurinn í mars var einnig afar ánægjulegur. Sá fundur var undirbúinn af nefnd um að auka samskipti Etakvenna við konur í öðrum deildum innan lands og utan. Fundurinn var undirbúinn í

samráði við Deltadeild á Vesturlandi og fjölmenntu þær á fundinn. Efni fundarins var Tónlistarkennsla í íslenskum grunnskólum og aðalfyrirlesari kvöldsins var Kristín Valsdóttir. Í lok fundar var samsöngur undir stjórn Deltakvenna. Í alla staði vel heppnað og kynnin á milli Delta Kappa Gamma kvenna treyst þvert á deildir. Í dag erum við svo á síðasta fundi vetrarins, aðalfundi þar sem stjórnarkjör fer fram og ætlunin er að taka fimm nýjar konur inn í deildina okkar.

Áherslur stjórnar

Mig langar nú að gera grein fyrir helstu áherslum stjórnar á þessu kjörtímabili. Það er í fyrsta lagi stefnumótunarvinnan, í öðru lagi (H)rósið og í þriðja lagi heimasíða Etadeildar.

Að frumkvæði landssambandsins var sett upp heimasíða Delta Kappa Gamma þar sem hver deild hefur möguleika á að hafa sitt eigið svæði. Við stjórnarkonur höfum lagt línur fyrir heimasíðuna með þeim hætti að hún verði eins konar upplýsingabanki um starfsemi deildarinnar. Þannig verður hægt að lesa sig í gegnum sögu og áherslur deildarinnar á heimasíðu, skoða myndir af fundum eða öðrum samkomum og sækja upplýsingar um aðrar deildarkonur. Þar sem starfsemi Etadeildar á ekki fastan samastað og sagan er fyrst og fremst varðveitt í fundargerðarbókum og formannaskýrslum, þá gefur heimasíðan tækifæri til að skrásetja söguna okkar á lifandi hátt. Vinna við uppsetningu síðunnar er langt á veg komin og mun Kristín Steinarsdóttir, vefstjórinn okkar, sýna ykkur afraksturinn hér á eftir. Einnig væri gott að heyra hvort þið séuð sáttar við þá stefnu að setja svo mikið efni á heimasíðu og gera það þar með aðgengilegt þeim sem eftir leita.

(H)RÓSIÐ er nýjung sem þróast hefur hjá okkur í vetur. Við viljum þegar tækifæri gefst gefa konu í okkar röðum - sem skarað hefur fram úr með einhverjum hætti, náð áfanga eða hlotið viðurkenningu - rós. Fyrstu rósina fékk Auður Torfadóttir ritari núverandi stjórnar, sem varð sjötug á síðasta ári og lauk farsælum starfsferli við Kennaraháskóla Íslands. Málþing var haldið henni til heiðurs af stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og gefin út bókin *Teaching and Learning English in Iceland: In honour of Auður Torfadóttir*. Næsta (h)rós fékk Guðbjörg Vilhjálmsdóttir sem hlaut í

fyrri viðurkenningu bandarísku starfsþróunarsamtakanna NCDA. Þá fékk Margrét Friðriksdóttir (h)rós þar sem hún hafði nýverið tekið við verðlaunagrip jafnréttisráðs úr hendi félagsmálaráðherra vegna skýrrar og virkrar jafnréttisstefnu í Menntaskólanum í Kópavogi. Því næst fékk Vilborg Jóhannsdóttir (h)rós fyrir undirbúning diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun og hafði hún hlotið fyrir það Múrbrjótinn, hvatningarverðlaun Þroskahjálpar. Og að síðustu fékk Gerður Guðmundsdóttir rós í tilefni af sextugsafmæli í mars. Þannig höfum við á hverjum fundi okkar í vetur gefið einni Etakonu slíkt (h)rós. Það var alls ekki stefnan, en raunin var sú að í hvert skipti hefur verið tilefni til slíks. Þetta sýnir bara hversu flottar og virkar konur eru í deildinni okkar. Og við þurfum að halda því á lofti okkar á milli, því það styrkir sjálfsmynd okkar, gagnkvæma virðingu og samheldni.

Stefnumótunarvinnan hefur sett sterkan svip á allt starf okkar síðastliðin tvö ár. Tilefnið var fyrrgreindur fundur í október 2006 þar sem í ljós komu sterkar efasemdir um tilgang og hlutverk Delta Kappa Gamma og merkingu samtakanna fyrir okkur íslenskar fagkonur á fræðsluviði. Við fórum í naflaskoðun í framhaldinu og komumst að því að við vildum gjarnan halda áfram í félaginu, en þátttakan þyrfti að veita okkur meiri lífsfyllingu. Við skilgreindum gildi Etadeildar og þau eru: *Frumkvæði, fagmennska og samkennd*. Við skilgreindum hlutverk Etadeildar þannig: *Í Etadeild viljum við fylgjast með þróun í menntamálum, kryfja mál til mergjar og stuðla að menntun og fræðslu. Deildin er vettvangur okkar til að kynnast, deila reynslu og njóta ánægjustunda*. Við reyndum að sjá framtíðina fyrir okkur og framtíðarsýnin er þessi: *Etadeild er eftirsóknarvert samfélag kvenna sem láta í sér heyra, leiða faglega umræðu og miðla reynslu og nýjungum á breiðum vettvangi mennta og menningar. Etadeild er öflugt stuðningsnet kvenna sem virða og viðurkenna mismunandi sjónarmið, hvetja hver aðra og sýna vináttu í verki*. Loks skilgreindum við markmið deildarinnar til allra næstu ára og þau eru þessi:

- *Að hafa forystu í faglegri umræðu*
- *Að efla innbyrðist tengsl okkar*
- *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að*
- *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan*

Ég vil taka skýrt fram að þessi stefnumótun Etadeildar er í fullu samræmi við markmið og stefnu Delta Kappa Gamma samtakanna, enda voru markmiðin sjö lögð til grundvallar stefnumótunarvinnunni. Við höfum einungis lagt okkar merkingu í þær hugsjónir sem samtökin byggja á, þannig að þær endurspeglar í virku starfi í deildinni okkar – og séu í samræmi við þann veruleika sem við búum við, fræðslukonur á Íslandi í dag.

Framhald starfsins

Að síðustu langar mig aðeins að beina sjónum að framhaldi í starfi deildarinnar okkar. Þar langar mig að koma inn á tvö atriði. Annars vegar starf í Etadeild með tilliti til stefnumótunar alþjóðasamtaka og landssambandsins og hins vegar virkni og ábyrgð hinnar almennu félagskonu.

Etadeild er ein af tíu deildum samtakanna á Íslandi. Á hverju ári eru formenn og gjaldkerar boðaðir á framkvæmdaráðsfund og þar er lögð fram stefna landssambandsins, sem endurspeglar að nokkru leyti stefnu alþjóðasamtakanna. Í haust var sett fram stefna í átta liðum, sem hefur verið rækilega kynnt í fréttabréfi alþjóðasamtakanna.

Landssambandsforseti hefur einnig verið dugleg að koma þessum stefnumiðum áfram til stjórna deilda. Stefnumiðin eru: 1) Fjölgun félaga – segja má að við séum sannarlega að vinna í þeim anda. 2) Styðja við bakið á ungum kennurum – með það að markmiði að minnka brotthvarf úr kennarastétt. 3) Að hlúa að áframhaldandi þroska og lífsfyllingu félagskvenna – þetta markmið er sannarlega í anda okkar stefnumótunar. 4) Að breiða starfsemina út til fleiri landa. 5) Að rækta listir og listakonur í samtökunum. 6) Að hafa áhrif á lagasetningu með því að koma á framfæri rannsóknaniðurstöðum um hvað skiptir máli í gæðum skólastarfs. 7) Að skilgreina ímynd samtakanna og búa þeim til vörumerki og loks 8) Að leggja verulega aukna áherslu á rafræna miðlun upplýsinga – segja má að heimasíðuvinnan okkar sé í þessum anda. Niðurstaðan er sú að Etadeild sé að mörgu leyti að vinna í takt við stefnu alþjóðasamtakanna. Þrennt mættum við huga frekar að og það er að leita leiða til að styðja nýja kennara í starfi; að styðja við listir og listakonur og að hafa áhrif á lagasetningu, t.d. með þátttöku í opinberri umræðu um menntamál. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að skoða hvort mögulegt sé að vinna þessum stefnumálum

brautargengi næsta vetur, en mér sýnist þau vel geti rúmast innan markmiðanna okkar fjögurra.

Og þá er komið að virkni og ábyrgð hinnar almennu félagskonu. Ég hef áður sagt ykkur að um hálf tíma fyrir síðasta aðalfund var hringt í mig og ég beðin að verða formaður Etadeildar. Það lýsir best vanda fyrrverandi stjórnar að ná saman konum í nýja stjórn. Við höfum aftur staðið frammi fyrir þeim vanda í ár. Ég hef hringt í fjölda kvenna sem hafa beðist undan því að sitja í stjórn eða verða næsti formaður. Á sama tíma segja þær allar að þeim þyki vænt um deildina og að það sé kraftur í starfinu, gaman á fundum og að við séum að kynnast betur og betur. Þannig virðist ákveðin samsemd vera fyrir hendi í deildinni okkar. Vandinn að fá konur í ábyrgðarstörf er þekktur. Auðvitað er þetta einungis áhugamannafélag og enginn orðstír sem fæst við það að vera í stjórn í tvö ár, það er fyrst og fremst þjónusta við aðrar konur í deildinni. En við getum ekki ætlast til þess að sú vinna falli ávallt á einhverja aðrar en okkur sjálfar. Ég bið sérhverja konu í Etadeild að ákveða með sjálfri sér að segja já næst þegar leitað verður eftir framlagi hennar til starfsins í deildinni. Ef allar segja alltaf já og sumar jafnvel bjóða sig fram að fyrra bragði margfaldast kraftur deildarinnar og gleðin blómstrar.

Ég óska Etakonum farsældar og vona að við eigum eftir að njóta margra uppbyggilegra og skemmtilegra samverustunda á komandi árum og láta gott af okkur leiða í þágu menntunar og fræðslu í íslensku samfélagi.

